

Fréttaskot

Framgangur verkhluta II, yfirfærslu þjónustuverkefna frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík til Velferðarsviðs samkvæmt yfirlýsingu frá 28.08.08

Samningsaðilar undirrituð viljayfirlýsingu um leið og undirritaður var þjónustusamningur sem ber vinnuheimtið verkhluti I þann 28.08.08. Yfirlýsingin kveður á um að samningsaðilar vinni markvisst að því að flytja þjónustuverkefni sem Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík hefur sinnt til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Með þessu móti væri stigið afar þýðingarmikið skref að færa þjónustu við fatlaða á ábyrgð eins þjónustuaðila en um leið að færa hana í nærsamfélagið.

Í yfirlýsingunni kom fram að samningsaðilar voru sammála að flýta verkefnum og stefnt yrði að því að þjónustubættir myndu flytjast til Reykjavíkurborgar 01. janúar 2009. Fulltrúar samninganefndar sáu að ekki yrði unnt að verða við því vegna nauðsynlegrar upplýsingaöflunnar þ.m.t. upplýsingar um nýliðun og þörf geðfatlaðra um dagþjónustu (nám, námskeið, starfsendurhæfing, atvinna og skipulagt félagsstarf hvort sem um ræðir almennt eða sérhæft).

Undir lok mars bárust samninganefndinni veigamiklar upplýsingar um nýliðun og dagþjónustubörf geðfatlaðra. Þrátt fyrir að ekki sé búið að formlega afgreiða skýrslur starfshópa, er óhætt að greina frá því að þörfin er meiri en a.m.k. fulltrúar Velferðarsviðs höfðu talið. Átaksverkefni ríkisins er nefnist Straumhvörf virðist ekki hafa komið á móts við fjölda einstaklinga sem hafa þörf fyrir sértæka búsetu og stuðningsþjónustu. Ennfremur er regluleg samfélagsþátttaka geðfatlaðra í alltof litlu mæli að mati sérfræðinga sem tóku þátt í viðhorfskönnun. Það sem skiptir þó öllu meira máli er að geðfatlaðir greina sjálfir frá því að þeir hafi mun meiri áhuga og færni til aukinnar þátttöku en nú er.

Samninganefndir hafa fundað bæði reglulega og títt frá því að upplýsingaöflun lá fyrir. Það er mikill vilji að ganga frá þessu og hafa samningsaðilar greint frá því að stefnt verði að því að 1. júní verði þjónustuverkefni kominn yfir til Velferðarsviðs.

Verkefnastjóri í málefnum fatlaðra á Velferðarsviði hefur borist til eyrna að óþolinmæði gæti meðal hlutaðeigandi aðila vegna skorts á upplýsingum. Samningaferli sem þetta reynir á og þrátt fyrir að samninganefndir beggja aðila séu metnaðargjarnar, samstarfsfúsar og þurfi að meta hagsmuni ýmissa aðila, þó fyrst og fremst notenda, þá er þetta ferli sem erfitt er að greina frá sértækum upplýsingum. Báðir aðilar þurfa að kortleggja upplýsingar, meta fjölmargar aðstæður sem verða þegar gagntilboð eru skoðuð o.s.frv. Ýmsar ytri aðstæður geta haft áhrif á ferli sem þetta og má þar einkum nefna breytingar í efnahagsumhverfi.

Verkefnastjóri fullyrðir að samninganefnd Velferðarsviðs mun áfram beita sér fyrir því að finna leiðir sem einkennast af því að notendur munu fá skilvirka þjónustu, starfsumhverfi verði aðlagandi fyrir hæft starfsfólk og að öll stjórnsýsla verði gagnsæ og Velferðarsvið hafi áfram kjark og þor að leiða saman lykilaðila vegna uppbyggingu á þjónustu við geðfatlaða.

Um er að ræða þýðingarmikið verkefni sem krefst þess að við sýnum þolinmæði gagnvart og tiltrú á þeim lokametrum sem framundan eru.